

AUGLÝSING

um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnarfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skoravatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan á móta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmun (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindantýja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.

Hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns, mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.

4. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.

Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.

5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.

9. Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 44/1985 um friðland á Hornströndum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinnsson.



HORNSTRANDIR

FLJÓTAVÍK

FANNA-
FJALL

x Láttar

AÐALVÍK

GRÆNAHLIÐ

x Hesteyri

HESTEYRARFJÖRÐUR

KVIARFJALL

LÓNAFJÖRÐUR

LEIRUFJÖRÐUR

HRAFNSFJÖRÐUR

BARÐSVÍK

ALMENNINGAR

HORNBJARG
HORNVÍK

FURUFJÖRÐUR

Skorarfvatn

SKÖRARHEIÐ

DRANGA-
JÖKULL

GEIRSFJALL

JÖKULFIRÐIR

1:250 000

1 0 1 2 3 4 5